

**Starfsskýrsla
Ríkisendurskoðunar
1999**

Maí 2000

*Hönnun og umbrot:
Starfsfólk Ríkisendurskoðunar og Prentmets ehf.
Myndir: Ljósmyndastofa Reykjavíkur.
Prentun: Prentmet ehf.*

EFNISYFIRLIT

Formáli	4
Starfsemi á árinu 1999	5
Útkoma í endurskoðun og tengdum verkefnum	7
Rafræn viðskipti.....	9
Breytingar í starfsumhverfi endurskoðenda	11
Ágrip úr skýrslum	12
Yfirlit um skýrslur.....	16
Ársreikningur Ríkisendurskoðunar 1999.....	17

Formáli

Vart verður deilt um mikilvægi opinberrar þjónustu þótt ávallt séu skiptar skoðanir um það hversu viðtæk hún eigi að vera. Á undanförnum árum hafa átt sér stað miklar breytingar í íslensku samfélagi sem kallað hafa á aukna þjónustu af hálfu stjórn-sýslunnar. Þessu samfara hefur upplýsingastreymi til skattgreiðenda og þeirra sem njóta þjónustunnar verið stóraukið m.a. í þeim tilgangi að auðvelda mat á raunverulegum árangri. Þessar upplýsingar varða m.a. fjárhagsstöðu einstakra ríkisaðila, ríkiskerfisins í heild og kostnað og eðli þeirrar þjónustu sem veitt er. Þannig má sjá hvernig stjórn-sýslunni hefur tekist að ná þeim markmiðum sem lög og önnur stjórnvaldsfyrirmæli setja henni á hverjum tíma.

Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum árum í kjölfar ofangreindrar þróunar í auknum mæli farið að votta upplýsingar um rekstur aðila, leggja mat á skilvirkni og hagkvæmni í ríkisrekstri og setja fram álit á tilteknum viðfangsefnum að eigin frumkvæði eða að beiðni annarra.

Sjálfstæði Ríkisendurskoðunar gagnvart stjórn-sýslunni er mikilvægt til að tryggja trúverðugleika og árangur í störfum stofnunarinnar. Eigi að síður er þýðingarmikið að samvinna sé náin við stjórn-sýsluna. Þess vegna leggur Ríkisendurskoðun áherslu á jákvætt og traust starfssamband. Þá er stofnunin í mikilvægu samstarfi við fagaðila héraendis og systurstofnanir erlendis til að tryggja að nýjungar á sviði reikningsskila eigi greiða leið inn í opinbera geirann.

Fjölbreytileikinn í verkefnum hins opinbera kallar á að starfsmenn Ríkisendurskoðunar búi yfir fjölþættri starfsreynslu og menntun. Í þeirra hópi eru nú endurskoðendur, viðskiptafræðingar, hagfræðingar, lögfræðingar, verkfræðingar og sérfræðingar í opinberri stjórn-sýslu á sviði upplýsingatækni og umhverfismála. Telja verður að fjölbreytni af þessu tagi tryggji best að álit stofnunarinnar séu faglega unnin og stuðli að umbótum í opinberum rekstri og bættri nýtingu á skattfé landsmanna.

Sem dæmi um fjölbreytileika í starfi stofnunarinnar má nefna að á árinu 1999 voru unnar tvær mikilvægar skýrslur sem tengjast upplýsingatækni. Sú fyrri fjallaði um hinn svonefnda 2000 vanda og hin síðari um lögmæti hugbúnaðar hjá ríkisaðilum. Báðar þessar skýrslur fjölluðu um stöðu þessara viðfangsefna hjá um 250 ríkisaðilum sem höfðu yfir tíu þúsund einkatölvur í þjónustu sinni og um 100 þúsund forrit. Þá má m.a. nefna að á síðasta ári var í fyrsta sinn gerð skýrsla sem tengist umhverfismálum, en hún fjallaði um umhverfisstefnu í ríkisrekstri.

Á árinu 1999 lét efnahags- og viðskipta-nefnd Alþingis frá sér skýrslu um úttekt Ríkisendurskoðunar á innheimtusviði Tollstjórans í Reykjavík. Þetta er í fyrsta sinn sem nefnd innan Alþingis afgreiðir skýrslu stofnunarinnar með þessum hætti. Að mínu mati er mjög mikilvægt að Alþingi taki formlega afstöðu til úttekta Ríkisendurskoðunar og birti hana opinberlega.

Rekstrarútgjöld Ríkisendurskoðunar á árinu 1999 námu alls 207,9 milljónum króna að frá-dregnum sértekjum. Á árinu 1998 voru rekstrarútgjöld 198,9 milljónir króna. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga lækkuðu útgjöld um 3,6% milli ára.

Starfsmenn Ríkisendurskoðunar skiluðu alls 63.665 vinnustundum við endurskoðun og skyld verkefni á árinu 1999. Alls voru teknar saman 163 skýrslur, en það er svo til sami fjöldi og á árinu 1998.

Í starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1999 sem hér er lögð fram er gerð grein fyrir störfum stofnunarinnar á liðnu ári. Það er von mín og samstarfsmanna minna að þessar upplýsingar gefi lesendum tækifæri á að leggja mat á starf okkar, umfang og eðli þess.



Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Starfsemi á árinu 1999

Í samræmi við lögbundið hlutverk sitt sendi stofnunin frá sér skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1998 í októbermánuði. Skýrsla þessi er samandregið yfirlit yfir alla þá vinnu sem fjárhagsendurskoðunarsvið stofnunarinnar hafa innt af hendi við endurskoðun. Niðurstöður vegna endurskoðunar á einstökum ríkisstofnunum, fyrirtækjum og sjóðum eru að jafnaði ekki birtar opinberlega, en ríkisendurskoðandi lætur þó að sjálfsögðu í ljós álit sitt á reikningsskilum einstakra aðila með áritun sinni.

Á síðasta ári var lokið við alls 163 skýrslur um tiltekin viðfangsefni. Skýrslur vegna fjárhagsendurskoðunar eru ekki opinberar eins og áður er getið, en alls voru þær 154 að tölu. Á vegum stjórnarsýslu- og lögfræðisviða stofnunarinnar voru unnar 9 skýrslur eins og nánar er rakið síðar í þessari skýrslu. Nokkrar þessara skýrslna voru gerðar að beiðni utanaðkomandi aðila, t.d. forsætisnefndar Alþingis, en aðrar að frumkvæði stofnunarinnar sjálfar. Niðurstöður þeirra voru allar lagðar fram á Alþingi. Auk þessa samdi lögfræðisvið stofnunarinnar fjölda greinargerða um ýmis lögfræðileg álitaeefni. Þessar álitagerðir eru að jafnaði ekki gerðar opinberar nema að því marki sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings.


Starfsmannahald

Meðalstöðugildi fastráðinna starfsmanna voru alls rúmlega 43 á árinu 1999. Þetta er því sem næst sami fjöldi og á árinu 1998. Við stofnunina vinna einnig verkefna- og tímaráðnir starfsmenn og voru þeir alls fjórir á síðasta ári.

Vegna víðtækra verkefna sem stofnuninni eru falin lögum samkvæmt hefur verið leitað til sjálfstætt starfandi löggiltra endurskoðenda um endurskoðun á ákveðnum ríkisaðilum sem stofnuninni ber að endurskoða. Þannig voru í gildi samningar við 20 endurskoðunarstofur í árslok 1999. Í þessum tilfellum er endurskoðunin unnin í umboði Ríkisendurskoðunar og í samráði við hana. Kostnaður er greiddur beint af stofnuninni ef um aðila í A-hluta ríkissjóðs er að ræða en annars af viðkomandi stofnunum.

Á árinu 1999 var haldið áfram sérstöku átaki í endurmenntunarmálum innan Ríkisendurskoðunar sem hrundið var af stað á árinu 1998. Einn megintilgangur þessa átaks er að viðhalda og auka við sérfræðiþekkingu starfsmanna og gera þá hæfari til að takast á við ýmis ný verkefni sem stofnuninni hafa verið falin á síðustu árum. Í þessu sambandi var m.a.

Stjórnskipulag Ríkisendurskoðunar 1. janúar 2000



ákveðið að bjóða starfsmönnum upp á sérstök undirbúningsnámskeið til löggildingar í endurskoðun sem haldin voru innan stofnunarinnar. Tóku sex starfsmenn þátt í því námskeiði á árinu 1999. Þá tóku allir starfsmenn stofnunarinnar þátt í námskeiðum í gerð ársreikninga, tölvumálum og fjárhagslegri ábyrgð í opinberum rekstri. Ennfremur sóttu sex starfsmenn ýmis námskeið til Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands.

Fundur með löggiltum endurskoðendum sem starfa í umboði Ríkisendurskoðunar var haldinn í desember 1999. Meðal efnis á þeim fundi var kynning á breyttri framsetningu ársreikninga aðila í A-hluta ríkissjóðs og áhersluatriði við endurskoðun. Tveir gestafyrirlesarar voru á fundinum, þ.á.m. yfirmaður innri endurskoðunar hjá EU-fjárfestingarbankanum í Luxembourg og fyrrum yfirmaður innri endurskoðunar hjá NATO. Ræddi hann um innri endurskoðun og innra eftirlit. Einnig hélt hann fyrirlestur á fundum sem stofnunin hélt fyrir þá aðila sem sinna innri endurskoðun hjá ríkisstofnunum og -fyrirtækjum.

Erlend samskipti

Fjöldi ferðadaga vegna ferða erlendis á vegum Ríkisendurskoðunar var alls 158 á árinu 1999 og nam heildarkostnaður um 3,8 milljónum króna. Á árinu 1998 var samsvarandi fjöldi ferðadaga 209 og var heildarkostnaður um 4,1 milljón króna. Umfangsmikil endurskoðun fyrir Evrópuráðið í Strassborg er greidd af ráðinu.

Samskipti við systurstofnanirnar á Norðurlöndum voru með hefðbundnu sniði á árinu 1999. Einn starfsmaður sótti fund sem haldinn var með fulltrúum systurstofnananna á Norðurlöndum um endurskoðunarreglur og samræmingu reikningshalds. Fundur norrænna tengiliða var haldinn í Kaupmannahöfn. Þá var fundur norrænna ríkisendurskoðenda haldinn á Akureyri.

Einn fundur var haldinn í Kaupmannahöfn vegna sameiginlegs verkefnis um endurskoðun á OSPAR-samningnum auk þess sem sóttur var

vinnufundur og fyrirlestur um umhverfisendurskoðun í Osló.

Alls voru farnar sex ferðir í tengslum við yfirskoðunarnefnd Evrópuráðsins í Strassborg, en ríkisendurskoðandi var kjörinn í nefndina síðla árs 1996. Kostnaður vegna þessara ferðalaga er alfarið greiddur af Evrópuráðinu sjálfu.

Þrjár fundir voru haldnir hjá endurskoðunarráði EFTA í Brussel og einn fundur hjá endurskoðunarráði NATO. Tveir starfsmenn sóttu fund í París á vegum EUROSAI. Þá var farin ferð til Brussel, Lúxemborgar og Genf vegna endurskoðunar á vegum endurskoðunarráðs EFTA.

Auk ofangreinds voru farnar tvær utalandsferðir vegna námskeiða og endurmenntunarmálefna auk þess sem einn starfsmaður Ríkisendurskoðunar sótti námskeið í notkun GASP-hugbúnaðarins í Novado, Bandaríkjunum, vegna sérstakrar úttektar á lögmæti hugbúnaðar hjá ríkisaðilum.

Fjárhagsáætlun og reikningskil

Rekstrarútgjöld Ríkisendurskoðunar námu alls 207,9 milljónum króna á árinu 1999 að frádregnum tekjum af seldri þjónustu. Samsvarandi fjárhæð nam 198,9 milljónum króna á árinu 1998. Útgjöld jukust þannig um 9,0 milljónir króna eða um 4,5%. Að teknu tilliti til verðlags- og launabreytinga lækkuðu gjöld um 3,6% milli ára.

Útgjaldaheimildir stofnunarinnar námu 204,2 milljónum króna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1999. Verðbætur vegna launa námu 6,8 milljónum króna og viðbótarfjárheimildir skv. fjárukalögum 8,8 milljónum. Heildarfjárheimild ársins nam því um 219,8 milljónum króna. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum námu sem áður segir 207,9 milljónum króna og var stofnunin þannig 11,9 milljónum innan fjárheimilda. Til samanburðar varð um 8,1 milljón króna halli á rekstri stofnunarinnar á árinu 1998.

Útkoma í endurskoðun og tengdum verkefnum

Á árinu 1999 skiluðu starfsmenn Ríkisendurskoðunar alls 63.665 vinnustundum við endurskoðun og tengd verkefni. Þessu til viðbótar keypti stofnunin 5.845 tíma af löggiltum endurskoðendum sem annast endurskoðun í umboði hennar. Heildarvinnustundafjöldi var því um 69.510 á síðasta ári samanborið við 67.375 á árinu 1998. Endurskoðunartímum fjölgaði þannig um 3,2% milli ára.

Fjárhagsendurskoðun

Langstærstum hluta þess tíma sem Ríkisendurskoðun hefur til ráðstöfunar á ári hverju er varið til fjárhagsendurskoðunar á ríkisstofnunum, -fyrirtækjum og sjóðum. Á árinu 1999 fóru um 37.400 tímar til þessa verkefnis samanborið við 37.600 tíma á árinu 1998.

Af þeim heildartíma sem var til ráðstöfunar í fjárhagsendurskoðun á árinu 1999 var hlutfallslega mestum tíma varið til endurskoðunar á menntamálaráðuneyti eða um 23%. Til endurskoðunar á heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti fóru um 17% tímans. Hvað önnur ráðuneyti varðar má nefna að liðlega 16% vinnutímans var varið til fjárhagsendurskoðunar á stofnunum og fjárlagaliðum fjármálaráðuneytis og um 11% fóru til endurskoðunar á samgönguráðuneyti. Til annarra ráðuneyta var ráðstafað talsvert minni tíma.

Í verkefnaáætlun var gert ráð fyrir að skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1998 yrði lokið í nóvembermánuði. Þetta markmið náðist og gott betur, en skýrslan kom út í október.

Stjórnsýsluendurskoðun

Til verkefna stjórnsýsluendurskoðunar var áætlað að verja alls um 8.500 vinnustundum. Reyndin varð sú að um 7.000 vinnustundir fóru til þessa viðfangsefnis sem er um 400 tímum meira en á árinu 1998.


Alls voru tvær skýrslur gefnar út á vegum stjórnsýslusviðs stofnunarinnar auk einnar greinargerðar. Hér er um að ræða úttektir á innheimtusviði Tollstjórans í Reykjavík og lífeyrstryggingasviði Tryggingastofnunar ríkisins auk greinargerðar um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 1999. Auk þessa var unnið að ýmsum veigamiklum athugunum, s.s. á aðkeyptum sérfræðikostnaði hjá ríkinu og samningum um reynslusveitarfélög, en skýrslur vegna þessa eru væntanlegar á árinu 2000.

Áætlanir um einstök verkefni í stjórnsýsluendurskoðuninni stóðust í öllum meginatriðum ef undanskilin er sérstök úttekt á lífeyrstryggingasviði Tryggingastofnunar, en það verk reyndist nokkuð umfangsmeira en í fyrstu var talið.


Endurskoðun upplýsingakerfa

Til verkefna endurskoðunar upplýsingakerfa var áætlað að verja 3.550 tímum. Reyndin varð sú að um 4.300 vinnustundir fóru til þessa viðfangsefnis.

Á árinu 1999 voru fjórar skýrslur unnar á sviði upplýsingamála. Í septembermánuði



Skipting heildartíma fjárhagsendurskoðunar eftir ráðuneytum



kom út skýrsla um 2000-hæfni vélbúnaðar og hugbúnaðar ríkisaðila. Um 500 tímar fóru í vinnslu hennar. Í októbermánuði kom út skýrsla um innri endurskoðun og er henni ætlað að stuðla að aukinni þekkingu og skilningi á þessu sviði. Í þessa skýrslu fóru rúmlega 400 tímar.

Í byrjun árs 1999 óskaði menntamálaráðherra eftir því við Ríkisendurskoðun að hún kannaði notkun ólöglegs hugbúnaðar hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. Í desembermánuði skilaði stofnunin skýrslu um málið og fóru um 2.100 tímar í vinnslu hennar. Enn er í vinnslu skýrsla um rafræn viðskipti sem væntanleg er fljótlega.

Umhverfisendurskoðun

Áætlað hafði verið að verja 2.600 tímum vegna vinnu á sviði umhverfisendurskoðunar. Útkoman varð hins vegar um 1.300 tímar. Skýrist það af því að annar starfsmaður þessa sviðs fór í ársfrí. Í janúar 2000 kom út skýrsla um umhverfisstefnu í ríkisrekstri og fóru um 300 tímar til vinnslu hennar á árinu 1999. Um 1.000 tímum var varið í verkefni sem tengjast OSPAR-samningnum, en hér er um að ræða svæðisbundinn samning um verndun NA-Atlantshafsins. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við ríkisendurskoðanir Danmerkur og Noregs skv. sérstökum samningi þar um.

Önnur verkefni

Alls um 13.700 tímum var varið til annarra verkefna en þeirra er tengjast ofangreindum meginsviðum Ríkisendurskoðunar. Til eftirlits með ríkistekjum fóru um 2.700 tímar og um 1.400 tímum var varið til eftirlits með sjóðum sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá. Sá tími sem eftir stendur skiptist á milli sameiginlegrar yfirstjórnar hjá stofnuninni og ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærð beint á endurskoðun. Hér má nefna námskeið og endurmenntun starfsmanna, almenna skrifstofustjórn, erlend samskipti o.fl.

Vinna í umboði Ríkisendurskoðunar

Með vísan til 4. gr. laga um Ríkisendurskoðun hefur stofnunin falið óháðum endurskoðendum að annast endurskoðun tiltekinna ríkisaðila í umboði hennar. Á vegum þessara aðila voru inntir af hendi 5.845 tímar eins og áður hefur komið fram.

Auk þessa endurskoða löggiltir endurskoðendur ýmsa aðila utan ríkisreiknings sem falla þó undir starfsramma Ríkisendurskoðunar. Stofnunin hefur ekki upplýsingar um umfang þessarar vinnu enda er kostnaður við hana greiddur beint af viðkomandi aðilum.

Rafræn viðskipti

Á undanförunum árum hafa fjármálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið haft forgöngu um samningu ýmissa lagafrumvarpa sem tengjast rafrænum viðskiptum og hafa þegar haft eða munu hafa áhrif á þróun þeirra og framgang. Það nýjasta á þessum vettvangi er framlagning draga að frumvarpi um rafrænar undirskriftir sem leggja á fyrir Alþingi í haust og munu ef þau verða samþykkt auka mjög á öryggi rafrænna viðskipta. Ýmsar reglugerðir hafa enn fremur séð dagsins ljós og er skemmst að minnast tveggja reglugerða fjármálaráðuneytisins frá síðastliðnu hausti. Annars vegar er þar um að ræða reglugerð um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa nr. 598/1999 og hins vegar reglugerð nr. 599/1999 um breytingu á reglugerð nr. 50/1993 um bókhald og tekju-skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Verkefnastjórn um upplýsingasamfélagið sem starfar á vegum forsætisráðuneytisins gaf í aprílmánuði síðastliðnum út vinnuáætlun vegna þróunar rafrænna viðskipta og rafrænnar stjórn-sýslu á árunum 2000 - 2002. Ljóst er að ef áætlunin gengur eftir má áfram búast við örri þróun í rafrænu viðskiptaumhverfi því gert er ráð fyrir því að það verði í hópi forgangsverkefna stjórnvalda.

Hvað eru rafræn viðskipti?

Rafræn viðskipti geta hvort sem er farið að öllu leyti fram með rafrænum hætti og nefnast þá bein rafræn viðskipti eða bæði með rafrænum og hefðbundnum hætti og nefnast þá óbein rafræn viðskipti. Í beinum rafrænum viðskiptum kemur mannshöndin lítt eða ekki nálægt viðskiptafærslu frá því að hún er skráð í upplýsingakerfi upphafsaðila viðskiptanna þar til hún er komin alla leið inn í upplýsingakerfi móttakandans. Mannshöndin kemur hins vegar yfirleitt við sögu á einhverju stigi í óbeinum rafrænum viðskiptum. Dæmi um óbein rafræn viðskipti ríkisaðila er sala Hagstofu Íslands á ýmsum ritum sínum á Netinu.

Þessi viðskipti fara fram með þeim hætti að kaupandi skráir upplýsingar inn í staðlað pantanaform í upplýsingakerfi Hagstofunnar. Engar færslur bókast sjálfkrafa í framhaldi af þessu í upplýsingakerfi kaupandans og hann verður því að handfæra viðskiptin í bókhald



sitt þegar hann fær pappírsreikninginn frá Hagstofunni.

Áhrif rafrænna viðskipta á starfsemi ríkisaðila

Ávinningurinn af upptöku rafrænna viðskipta ríkisaðila getur verið mjög mikill ef vel er að verki staðið, bæði vegna sparnaðar í rekstri og bættrar þjónustu við viðskiptavini. Þessa dagana eru verið að þróa ýmsar nýjar leiðir í rafrænum viðskiptum og er ljóst að sumar þeirra eru ekki fullnægjandi fyrir ríkisaðila vegna mikilvægis öryggis upplýsingakerfa þeirra og áreiðanleika gagna. Vel þarf því að vanda til verka þegar skipt er úr hefðbundnum viðskiptaháttum yfir í rafræna og verður hér vakin athygli á nokkrum mikilvægum þáttum sem skipta máli í þessu sambandi:

- **Rekstraröryggi.** Ef ríkisaðili tekur upp rafræn viðskipti verður að gera allt aðrar og strangari kröfur til rekstraröryggis upplýsingakerfa hans en áður. Mikilvægi rafrænu viðskiptanna fyrir rekstur aðilans skiptir höfuðmáli varðandi það hversu strangar þessar kröfur eru. Verði rekstur hans t.d. að mestu lamaður ef rafræna við-

sé tryggt að í stað verkaskiptingar komi til öflugar og virkar eftirlitsaðgerðir í upplýsingakerfunum sjálfum.

- **Netið.** Opnun tölvukerfa ríkisaðila fyrir aðgangi í gegnum Netið eykur hættu á innbrotum í kerfin og skemmdarverkum á þeim. Slík opnun gerir því meiri kröfur til öflugra öryggisráðstafana en ella.
- **Sönnun uppruna.** Eitt af vandamálunum sem tengjast rafrænum viðskiptum er sönnun þess að aðili sé sá sem hann segist vera en ekki einhver annar. Ríkisaðilar verða við upptöku rafrænna viðskipta að huga vandlega að þessu atriði og leysa það með fullnægjandi hætti.

Áhrif rafrænna viðskipta á störf Ríkisendurskoðunar

Hefðbundin endurskoðun felst m.a. í því að sannreyna og staðfesta tiltekin atriði. Vegna skorts á hefðbundinni endurskoðunarslóð á pappír og þess að verkaskiptingu er lítt hægt að beita vegna innra eftirlits í rafrænum viðskiptum, verður við endurskoðun að nálgast viðfangsefnið með öðrum hætti en gert er við endurskoðun reikninga að baki hefðbundnum viðskiptum. Mikilvægt er því að þeir sem að henni koma þekki og skilji rekstur og uppbyggingu þeirra upplýsingakerfa sem notuð eru í viðskiptunum og geti kynnt sér og gengið úr skugga um hvort innbyggðir vélrænir eftirlitsþættir kerfanna eru fullnægjandi og hafi virkað rétt á því tímabili sem til skoðunar er.

Áhrif þróunar í átt til aukinna rafrænna viðskipta ríkisaðila hefur þegar haft áhrif á störf Ríkisendurskoðunar m.a. í þá veru að hún leggur nú meiri áherslu á innra eftirlit en fyrr. Ljóst er að stofnunin mun á komandi árum í enn ríkara mæli en hingað til þurfa að breyta vinnubrögðum sínum til samræmis við nýjan veruleika í viðskiptum ríkisaðila.

skiptakerfið er ekki aðgengilegt og nothæft, þarf að gera miklar kröfur til rekstraröryggisins.

- **Verkaskipting.** Í hefðbundnum viðskiptum er verkaskipting ein af þeim aðferðum sem beitt er við innra eftirlit. Í rafrænum viðskiptum er slík verkaskipting lítt til staðar og því er afar mikilvægt að við upptöku þeirra



Breytingar í starfsumhverfi endurskoðenda

Að undanfögnu hefur átt sér stað talsverð umræða erlendis um hlutverk og stöðu endurskoðenda á nýrri öld. Ljóst er að miklar breytingar hafa átt sér stað í starfsumhverfi endurskoðenda á síðastliðnum árum sem m.a. má rekja til upplýsingabyltingarinnar svokölluðu og margvíslegra breytinga í innra og ytra starfsumhverfi fyrirtækja. Ýmislegt bendir til þess að enn eigi margt eftir að koma fram sem muni knýja á um endurmat á verklagi og vinnubrögðum innan endurskoðunarstéttarinnar. Í þessu sambandi má m.a. benda á eftirfarandi þætti:

- Gríðarleg alþjóðavæðing hefur átt sér stað á undanfögnu árum. Þessi þróun hefur valdið því að starfsumhverfi endurskoðenda er nú bæði margbrotnara og víðfeðmara en áður. Það kallar m.a. á sérhæfða þekkingu á skattaumhverfi o.þ.h. frá einu landi til annars.

- Vart þarf að fara mörgum orðum um þær tækniframfarir sem átt hafa sér stað á sl. árum. Hér ber einkum að nefna tilkomu Netsins sem leitt hefur til breyttra viðskiptahátta og aukins upplýsingastreymis af hálfu fyrirtækja. Fyrirtæki eru nú í auknum mæli farin að safna fjárhagsupplýsingum í miðlæga gagnagrunna og veita upplýsingum úr þeim í gegnum Netið. Þetta kallar á að upplýsingar séu vottaðar, þ.e. trúverðugleiki þeirra sé tryggður. Einkum er rætt um tvær tegundir vottana í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er svokölluð „Sys Trust“-vottun, en hún miðar að því að tryggja áreiðanleika upplýsinga í gagnagrunnum. Í annan stað er um að ræða svokallaða „Web Trust“-vottun sem snýr m.a. að reglum viðkomandi aðila um rafræn viðskipti og samningum sem tryggja eiga öryggi í samskiptum milli aðila.

- Með breytingum í löggjöf og samkeppnisumhverfi hafa kröfur aukist um að fyrirtæki veiti fleiri aðilum fjárhagslegar upplýsingar og jafnframt oft en áður tíðkaðist. Þetta þýðir að fjárhagsupplýsingar eru nú til ráðstöfunar

fyrir mun fleiri en eingöngu yfirmenn fyrirtækja. Í þessu sambandi má bæði nefna opinbera aðila, s.s. Verðbréfafélag, og jafnframt ýmsa hagsmunaaðila s.s. lánadrottna og birgja. Þetta þýðir að hefðbundin vottun á reikningsskil hefur minni þýðingu en áður, en vottun á innra eftirliti og fjárhagsupplýsingakerfum er að sama skapi þýðingarmeiri.



- Með flóknara starfsumhverfi fyrirtækja hefur þörfin fyrir sérhæfða ráðgjöf aukist. Ýmsar stéttir sem áður sinntu „hefðbundnum“ verkefnum á sínu sviði, s.s. verkfræðingar og lögfræðingar, hafa sótt í störf sem endurskoðendur og annað sérhæft starfsfólk á sviði fjármála sinntu áður. Þannig eiga nú endurskoðendur í aukinni samkeppni við þessar stéttir um störf. Ljóst er að eftir því sem vægi hinnar „hefðbundnu“ endurskoðunar minnkar og rafræn vottun eykst mun samkeppnin harðna enn frekar.

Margvíslegar aðrar breytingar mætti nefna sem ekki er svigrúm til að nefna hér. Kjarni málsins er þó sá að sú þróun sem hér hefur verið rakin kallar á nýjar áherslur í menntun endurskoðendastéttarinnar ekki síst í ljósi þess að nokkuð virðist hafa dregið úr áhuga á námi í endurskoðun á síðustu árum.

Ágrip úr skýrslum

Á árinu 1999 sendi Ríkisendurskoðun frá sér alls 163 skýrslur og greinargerðir. Af þeim voru 154 skýrslur unnar í fjárhagsendurskoðun og 9 skýrslur voru unnar á stjórnsýslu- og lögfræðisviðum stofnunarinnar. Skýrslur fjárhagsendurskoðunarinnar eru ekki opinberar og

um um almannatryggingar nr. 117/1993, eru einn stærsti útgaldaliður almannatrygginga. Auk þess annast sviðið útgjöld samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993.

Á grundvelli heimildar í 9. grein laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun ákvað stofnunin í mars 1998 að hefja stjórnsýsluendurskoðun á lífeyristryggingasviði Tryggingastofnunar ríkisins. Úttekt þessi er liður í heildarúttekt á þeim málaflokkum, er heyrir undir stofnunina. Áður hafa komið út skýrslur Ríkisendurskoðunar um lyfjaeftirlitskerfi Tryggingastofnunar ríkisins og pappírslaus viðskipti við lyfjaverslanir, um læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins og um endurskoðun upplýsingakerfa stofnunarinnar. Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum stjórnsýsluendurskoðunar Ríkisendurskoðunar á lífeyristryggingasviði Tryggingastofnunar ríkisins.

2000-hæfni vélbúnaðar og hugbúnaðar ríkisaðila

Greinargerð þessi er sú þriðja í röðinni sem fjallar að öllu leyti eða hluta til um vandamál tengd tölvuvinnslu ártalsins 2000. Gögnum sem unnið var með í þessari 2000-úttekt var safnað vélrænt í upplýsingakerfum 257 ríkisaðila á tímabilinu frá 14. apríl til 31. ágúst 1999 í tengslum við athugun á notkun ólöglegs hugbúnaðar hjá ríkisaðilum. Niðurstöður úttektarinnar byggja því á raungögnum, þ.e. hér koma í fyrsta sinn fram upplýsingar um 2000-hæfni vélbúnaðar og hugbúnaðar ríkisaðila, sem byggja á öðru en sérstökum fyrirspurnum eða skoðanakönnunum. Í júlí 1997 gaf stofnunin út skýrsluna „Ártalið 2000“, þar sem 2000-vanda í tölvukerfum var lýst og bent á leiðir til þess að koma í veg fyrir alvarlegar rekstrartruflanir vegna hans. Í október 1998 gaf stofnunin síðan út greinargerð um rekstraröryggi upplýsingakerfa, en í henni er m.a. fjallað um gerð neyðaráætlana sem til staðar þurfa að vera ef upp koma vandamál tengd tölvuvinnslu ártalsins 2000.



sama má segja um flestar greinargerðir lögfræðisviðs. Gerð er þó grein fyrir meginefni þeirra í árlegri skýrslu stofnunarinnar um endurskoðun ríkisreiknings. Skýrslur stjórnsýslusviðs eru hins vegar öllum aðgengilegar. Hér á eftir fylgir yfirlit um meginniðurstöður þeirra stjórnsýsluathugana sem Ríkisendurskoðun gekkst fyrir á árinu 1999.

Tryggingastofnun ríkisins - lífeyristryggingasvið

Almannatryggingar eru einn af umfangsmestu málaflokkum ríkisins. Útgjöld almannatrygginga hafa á síðastliðnum árum numið ríflega 30 milljörðum króna, sem svarar til á milli fjórðungs og fimmtungs af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þá hefur kostnaður við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins numið um hálfum milljarði króna undanfarin ár. Lífeyristryggingar, sem lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins annast samkvæmt lög-

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er ætlað að stuðla að hagkvæmari og skilvirkari nýtingu á fjármunum stofnana og fyrirtækja. Í þessari skýrslu er fjallað á almennan hátt um verksvið og starfs hætti við innri endurskoðun og er henni ætlað að stuðla að aukinni þekkingu og skilningi á innri endurskoðun.

Í 2. tölulíð 8. greinar laga um Ríkisendurskoðun er kveðið á um að við fjárhagsendurskoðun hjá ríkisaðilum skuli á hverjum tíma kanna innra eftirlit og hvort það tryggi viðunandi árangur. Þá segir í 4. tölulíð sömu greinar að kanna skuli og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi ríkisaðila, birtist þær með ársreikningi. Með greinargerð þessari, ásamt fyrri ritum um innra eftirlit og rekstraröryggi upplýsingakerfa, hafa verið stigin mikilvæg skref til að kynna þær faglegu forsendur og viðmið, sem búa að baki vottun og áritun á reikningskil ríkisaðila á grundvelli fyrrnefndra ákvæða.

Auk þess sem að ofan er rakið hefur á undanförunum árum færst í vöxt að mæla svo fyrir í lögum að innri endurskoðun skuli starfrækt hjá ákveðnum tegundum stofnana og fyrirtækja. Flest þessara ákvæða má rekja til nýrra reglna, sem settar hafa verið í kjölfar samþykktar EES-samningsins. Helstu stofnanir og fyrirtæki sem hér um ræðir eru bankar, lánastofnanir og lífeyrissjóðir. Útfærsla á reglum um starfsemi þessara aðila er einkum í höndum Fjármálaeftirlitsins.

Endurskoðun ríkisreiknings 1998

Endurskoðun vegna ríkisreiknings 1998 var framkvæmd í samræmi við lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun þar sem segir m.a. að fjárhagsendurskoðun skuli á hverjum tíma miða að eftirfarandi:

1. Að reikningskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningskilavenju.

2. Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

3. Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirsmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.

4. Að votta og kanna áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Frá því ný lög um Ríkisendurskoðun voru sett hafa talsverðar áherslubreytingar orðið á þeirri starfsemi stofnunarinnar er lítur að fjárhagsendurskoðun. Vaxandi áhersla er lögð



á skoðun á því sem kallað er innra eftirlit með bókhaldi, fjármálum og rekstri stofnana. Í stuttu máli er markmiðið að sannreyna hvort það skipulag og þeir starfsferlar sem til staðar eru tryggi nauðsynlegt öryggi í skráningu fjárhagsupplýsinga, að reglum sé fylgt og að hagkvæmni sé gætt í meðferð fjármuna.

Ríkisendurskoðun hefur jafnframt lagt aukna áherslu á endurskoðun tölvuvæddra upplýsingakerfa enda alkunn staðreynd að slík kerfi gegna lykilhlutverki við úrvinnslu og geymslu upplýsinga á flestum sviðum hins opinbera rekstrar. Endurskoðun upplýsingakerfa hefur það m.a. að markmiði að sannreyna réttmæti þeirra gagna sem upplýsingakerfin hafa að geyma og hvort rekstraröryggi þeirra sé viðunandi.

Á undanförunum árum hefur ársreikningsgerð ríkissjóðs tekið stórstígum framförum. Gerðar

hafa verið breytingar á framsetningu ríkisreiknings til þess að hann gefi skýrari mynd af umsvifum ríkissjóðs. Að mati Ríkisendurskoðunar hlýtur næsta stóra verkefni á sviði ríkisreikningsgerðarinnar að felast í gerð hálfársuppgjörs fyrir ríkissjóð. Eðlilegt er að Ríkisendurskoðun áriti slíkt uppgjör.

Alls voru 178 stofnanir og fjárlagaliðir endurskoðaðir vegna ársins 1998, ýmist af Ríkisendurskoðun eða af endurskoðunarskrifstofum í hennar umboði. Færst hefur í vöxt að



ríkisstofnanir gefi út eigin ársreikninga og hafa þeir þá verið áritaðir af endurskoðendum. Alls voru 145 ársreikningar stofnana áritaðir vegna ársins 1998, þar af 93 af Ríkisendurskoðun og 61 af löggiltum endurskoðendum í umboði hennar.

Tollstjórinn í Reykjavík, innheimtusvið - stjórnarsýslu-endurskoðun

Tollstjórinn í Reykjavík er langumsvifamesti innheimtumaður ríkissjóðs enda innheimtir hann um 65% af skatttekjum ríkisins. Til innheimtu hjá tollstjóra eru um 40 gjaldategundir og eru gjaldendur um eitt hundrað þúsund. Það er því ljóst að um mjög umfangsmikla starfsemi er að ræða.

Úttekt Ríkisendurskoðunar á innheimtusviði tollstjóraembættisins beindist að því að kanna hvernig innheimtu krafna væri háttáð hjá

embættinu og hvort málum væri fylgt eftir með eðlilegum hætti. Í því sambandi var einkum beint sjónum að innheimtu vanskilakrafna.

Þess ber að geta að miklar breytingar hafa átt sér stað hjá embætti Tollstjórans í Reykjavík. Gjaldheimtan í Reykjavík var lögð niður hinn 1. janúar 1998 og innheimta á hennar vegum færð til embættis tollstjórans í Reykjavík og sameinuð innheimtustarfsemi þeirri sem þar var fyrir. Þá hefur fjármálaráðuneytið einnig falið embættinu ákveðin verkefni á sviði innheimtu opinberra gjalda sem ráðuneytið sinnti áður. Þá tók nýr tollstjóri til starfa þann 1. október 1997. Þegar í upphafi árs 1998 var hjá embættinu hafist handa við úttekt á innheimtustarfseminni og í framhaldi af því ráðist í miklar skipulagsbreytingar á fyrirkomulagi hennar sem ekki er að fullu lokið. Ýmis vandamál og álitæfni sem gerð eru að umtalfni í skýrslunni hafa ýmist þegar verið lagfærð eða unnið er að úrbótum á þeim.

Greinargerð um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 1999

Með bréfi dags. 23. september 1999 fóru heilbrigðisráðuneytið og fjármálaráðuneytið þess á leit við Ríkisendurskoðun að hún kannaði rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana, þ.e. sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila og heilsugæslustöðva. Enn fremur var þess farið á leit að mat yrði lagt á rekstrarstöðu þeirra í árslok 1999.

Ríkisendurskoðun varð við framangreindri beiðni ráðuneytanna. Með bréfi dags. 5. október sl. sendi stofnunin 97 heilbrigðisstofnunum sem könnunin náði til beiðni um tilteknar upplýsingar.

Eftir að hafa unnið úr innsendum gögnum hélt stofnunin fundi með stjórnendum 20 heilbrigðisstofnana sem athugunin náði til. Þar var m.a. leitað eftir viðhorfum þeirra til fjárlagagerðar auk þess sem spurt var um stjórnunar- og upplýsingakerfi sem þeir notuðu við stýringu á fjármálum stofnananna. Þá var aflað upplýsinga um hvernig staðið var að gerð aðlögunarsamninga og um aðgerðir til að mæta fyrirhuguðum rekstrarhalla.

Um lögmæti hugbúnaðar hjá ríkisaðilum

Þann 20. janúar sl. skrifaði menntamálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, undir samning við bandaríska hugbúnaðarfyrirtækið Microsoft þess efnis að fyrir-tækið íslenskaði Windows 98 stýrikerfið gegn því að ríkisstjórnin sæi til þess að ólöglegum hugbúnaði yrði útrýmt hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins fyrir árslok 1999. Í framhaldi af undirrituninni óskaði ráðherrann eftir því að Ríkisendurskoðun kannaði notkun ólöglegs hugbúnaðar hjá þessum aðilum. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir niðurstöðu könnunarinnar. Í henni er og að finna ýmislegt um höfundarétt og helstu brot á honum. Efnið er sett fram í þeim tilgangi að auka skilning og þekkingu ríkisaðila á þeim málum.

Skuldbreytingar og nauðasamningar opinberra gjalda 1997-1998

Samkvæmt 5. mgr. 111. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1989 og 1. gr. laga nr. 64/1996, skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga sem gerðir hafa verið um greiðslu skattkrafan. Hér er annars vegar um að ræða heimild til skuldbreytinga opinberra gjalda skv. 3. mgr. 111. gr. og hins vegar heimild til að taka þátt í nauðasamningum skv. 4. mgr. sömu greinar.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir samningum sem gengið var frá á árunum 1997 og 1998. Vikið er m.a. að lagaheimildum til skuldbreytinga opinberra gjalda auk þess sem birt er yfirlit yfir þær skuldbreytingar sem samþykktar voru á árunum 1997 og 1998 og þau bréf er útgefin voru í samræmi við heimildir fjármálaráðuneytisins. Þá var m.a. gerð grein fyrir innheimtustöðu þeirra skuldabréfa sem gefin voru út frá miðju ári 1989 til ársloka 1997.

Umhverfisstefna í ríkisrekstri

Umhverfismál hafa á síðustu árum og áratugum orðið æ víðtækara viðfangsefni á öllum stigum ákvarðanatöku í samfélaginu. Hlutverk

hins opinbera í þessum málaflokki er víðtækt s.s. varðandi setningu laga og reglna um ýmsa þætti umhverfismála og eftirfylgni með þeim. Þá gegna stjórnvöld mikilvægu fræðsluhlutverki varðandi umhverfismál auk þess sem þau eru fyrirmynd bæði einstaklinga og fyrirtækja í þessu samhengi.

Flestar systurstofnanir Ríkisendurskoðunar á Vesturlöndum hafa innan sinna vébanda deildir sem leggja stund á umhverfisendurskoðun. Viðfangsefni umhverfisendurskoðunar eru helst athuganir af eftirfarandi toga:



- Hvernig lögum og reglum sem snerta umhverfismál er framfylgt.
- Hvernig staðið er við alþjóðlegar skuldbindingar og samninga á sviði umhverfismála.
- Hvernig framkvæmdavaldið stendur við eigin stefnumörkun á sviði umhverfismála.

Í skýrslunni er farið almennum orðum um stefnumótun stjórnvalda á sviði umhverfismála, einkum þó bækling umhverfisráðuneytisins „Stefnumótun í ríkisrekstri“ sem gefinn var út á árinu 1997. Auk þess er fjallað um hlutverk Ríkisendurskoðunar á þessu sviði sbr. lög um stofnunina nr. 86/1997.

Skýrslur sem birtar voru opinberlega 1999

Heilbrigðismál

- Greinargerð um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 1999

Endurskoðun upplýsingakerfa

- Um lögmæti hugbúnaðar hjá ríkisaðilum
- Innri endurskoðun
- 2000-hæfni vélbúnaðar ríkisaðila

Opinber stjórnsýsla

- Tollstjórinn í Reykjavík, innheimtusvið - stjórnsýsluendurskoðun
- Tryggingastofnun ríkisins - lífeyristryggingasvið - stjórnsýsluendurskoðun

Ríkisfjármál

- Endurskoðun ríkisreiknings 1998. Útgefin í október
- Skuldbreytingar og nauðasamningar opinberra gjalda 1997 - 1998

Umhverfismál

- Umhverfisstefna í ríkisrekstri. Gefin út í desember 1999.

Ríkisendurskoðun

Ársreikningur 1999

Efnisyfirlit

Staðfesting ársreiknings	18
Áritun endurskoðanda	19
Rekstrarreikningur	20
Efnahagsreikningur	21
Sjóðstreymi	22
Skýringar og sundurliðanir	23

Staðfesting ársreiknings

Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis og starfar samkvæmt lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk hennar er að annast endurskoðun hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum og öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá skal stofnunin annast endurskoðun hjá fyrirtækjum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins og fyrirtækjum sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og getur framkvæmt stjórnásluendurskoðun.

Ríkisendurskoðandi og skrifstofustjóri staðfesta ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1999 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. apríl 2000



Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi



Sveinn Arason
skrifstofustjóri

Áritun endurskoðanda

Til forseta Alþingis.

Ég hef endurskoðað ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og sundurliðanir nr. 1-10. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Ríkisendurskoðunar og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álitum sem ég læt í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber mér að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri stofnunarinnar á árinu 1999, efnahag 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999 í samræmi við lög, reglur og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 10. apríl 2000



Guðmundur Skaftason, hrl.
lögg. endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 1999

	Skýr.	1999	1998
Tekjur:			
Seld þjónusta10		24.379.487	20.972.072
Tekjur alls		24.379.487	20.972.072
Gjöld:			
Launagjöld1		165.380.524	157.704.345
Ferðir, námskeið og akstur2		8.748.149	8.358.884
Rekstrarvörur3		3.992.006	3.867.139
Aðkeypt þjónusta4		34.911.472	35.123.288
Húsnæðiskostnaður5		7.970.351	7.613.435
Bifreiðar og vélar6		296.197	266.500
Opinber gjöld og tryggingar7		560.578	342.377
Tilfærslur9		1.180.000	900.000
Rekstrargjöld samtals		223.039.277	214.175.968
Eignakaup8		9.234.429	5.703.408
Gjöld alls		232.273.706	219.879.376
Tekjuafgangur (halli) án fjármagnsliða		(207.894.219)	(198.907.304)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.003	1.090
Vaxtagjöld		(3.258)	(5.928)
Hrein fjármagnsgjöld		(2.255)	(4.838)
Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags		(207.896.474)	(198.912.142)
Ríkisframlag		219.800.000	190.800.000
Tekjuafgangur (halli)		11.903.526	(8.112.142)

Efnahagsreikningur

31. desember 1999

	31.12.1999	31.12.1998
Eignir:		
Ríkissjóður	5.935.070	0
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	3.485.000	801.500
Aðrar skammtímakröfur	0	0
Bankareikningur	103.750	84.656
Veltufjármunir	<u>3.588.750</u>	<u>886.156</u>
Eignir alls	<u>9.523.820</u>	<u>886.156</u>
 Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(5.483.142)	2.629.000
Tekjuafgangur (halli) á árinu	11.903.526	(8.112.142)
Eigið fé samtals	<u>6.420.384</u>	<u>(5.483.142)</u>
 Skuldir:		
Ríkissjóður	0	2.250.822
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	898	0
Ógreidd gjöld	3.102.538	4.118.476
Skammtímaskuldir	<u>3.103.436</u>	<u>4.118.476</u>
Skuldir samtals	<u>3.103.436</u>	<u>6.369.298</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>9.523.820</u>	<u>886.156</u>

Sjóðstreymi árið 1999

	1999	1998
Han dbært fé frá rekstri:		
Veltufé frá rekstri:		
Tekjuafgangur (halli)	11.903.526	(8.112.142)
Veltufé frá rekstri	<u>11.903.526</u>	<u>(8.112.142)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur (hækkun)	(2.683.500)	(731.454)
Viðskiptaskuldir (lækkun)	(1.015.040)	1.864.350
	<u>(3.698.540)</u>	<u>1.132.896</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>8.204.986</u>	<u>(6.979.246)</u>
Fjármögnunarahreyfingar		
Breyting á stöðu við ríkissjóð:		
Framlag ríkissjóðs	(219.800.000)	(190.800.000)
Greitt úr ríkissjóði	211.614.108	197.757.982
Fjármögnunarahreyfingar	<u>(8.185.892)</u>	<u>6.957.982</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	19.094	(21.264)
Handbært fé í ársbyrjun	84.656	105.920
Handbært fé í árslok	<u>103.750</u>	<u>84.656</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskil Ríkisendurskoðunar eru með sama hætti og almennt tíðkast hjá A-hluta stofnunum. Þannig eru áhrif almennra verðbreytinga á rekstur ekki færð í ársreikninginn. Eignir eru gjaldfærðar þegar þær eru keyptar og því ekki færðar upp í efnahagsreikningi. Í samræmi við ákvæði laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er framsetning ársreiknings nú í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga nr. 144/1994 og reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996.

Á síðasta ári var tekin ákvörðun um nýja skilgreiningu á ríkisframlagi. Við gerð ársreiknings Ríkisendurskoðunar var talið að stofnunin fengi að flytja með sér ónotaða fjárveitingu fyrra árs. Sú varð ekki raunin þannig að framlag til stofnunarinnar skv. ríkisreikningi var ákveðið 2.600.000 kr. lægra en greint var frá í ársreikningi. Tekjuhalli ársins varð því lakari sem nam þeirri fjárhæð. Þá hefur orðið sú breyting frá fyrra ári að vaxtatekjur eru nú skilgreindar sem sértekjur stofnana en ekki ríkistekjur. Samanburðartölum fyrra árs er breytt til samræmis við framangreindar breytingar.

Bókhald og fjárvarsla

Ríkisbókhald og ríkisféhirðir annast bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stofnunarinnar eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar í ársreikninga einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding Ríkisendurskoðunar vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna hennar hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 1999 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Þannig námu fjárveitingar á fjárlögum til Ríkisendurskoðunar samtals 204.200 þúsundum króna. Verðbætur vegna launa urðu 6.800 þúsundir króna á árinu. Viðbótarheimildir samkvæmt fjárukaalögum námu 8.800 þúsundum króna. Í heild námu fjárheimildir ársins 1998 því 219.800 þúsundum króna.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum á árinu 1999 námu samtals 207.897 þúsundum króna og urðu því 11.903 þúsundir króna innan fjárheimilda. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús kr.	Reikningur	Fjárheimild	Fjárlög
Launagjöld	165.351	164.500	157.700
Önnur rekstrargjöld	57.691	55.900	54.100
Sértekjur	(24.379)	(10.200)	(10.200)
	<u>198.663</u>	<u>210.200</u>	<u>201.600</u>
Stofnkostnaður	9.234	9.600	2.600
Samtals	<u>207.897</u>	<u>219.800</u>	<u>204.200</u>

Rekstrarreikningur ársins 1999 sundurliðaður eftir tegundum var með eftirgreindum hætti:

	1999	1998
Launagjöld	165.380.524	157.704.345
Önnur rekstrargjöld	57.662.011	56.477.551
Sértekjur	(24.380.490)	(20.972.072)
	<u>198.662.045</u>	<u>193.209.824</u>
Stofnkostnaður	9.234.429	5.703.408
Samtals	<u>207.896.474</u>	<u>198.913.232</u>

Fjárhæðir eru á verðlagi hvors ár, en verðhækkun milli áráanna 1999 og 1998 nam 4,5%. Almennu verðbreytingar hjá ríkisstofnunum metnar þannig að laun háskólamenntaðra starfsmanna BHMR hafi hækkað um 9,8% milli áráanna 1998 og 1999 en sértekjur og önnur gjöld um 3,4% skv. vísitölu neysluverðs.

Framreiknuð rekstrargjöld Ríkisendurskoðunar að frádregnum sértekjum námu 215.769 þús. kr. þannig að raunlækkun kostnaðar milli ára nam um 7.873 þús. kr. þúsundum króna eða um 3,6%.

Sundurliðanir

1. Launagjöld

Í árslok 1999 var fjöldi starfsmanna Ríkisendurskoðunar 43 og hafði fjölgað um 1 á árinu. Meðalstöðugildi fastráðinna starfsmanna á árinu 1999 voru um 44, en 42 á árinu 1998. Á árinu urðu ekki almennar breytingar á samningum við starfsmenn.

	1999	1998
Dagvinna	107.015.347	101.528.577
Aukagreiðslur	27.028.846	23.953.666
Yfirvinna	5.723.815	7.347.716
Launatengd gjöld	<u>25.612.516</u>	<u>24.874.386</u>
Launagjöld samtals	<u>165.380.524</u>	<u>157.704.345</u>

2. Starfstengdur kostnaður

Á árinu 1999 varð aukning í innlendum ferðakostnaði, risnu og fundakostnaði. Ástæður þessa má að mestu rekja til fundar norrænna ríkisendurskoðenda sem haldinn var á Akureyri að þessu sinni. Að öðru leyti var ferðakostnaður innanlands og erlendis með hefðbundnum hætti, en erlendir ferðakostnaður tengist norrænum samskiptum, námskeiðum og endurskoðun hjá alþjóðastofnunum.

	1999	1998
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	626.012	349.507
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	4.580.741	5.380.092
Fundir, námskeið og risna	2.355.729	1.793.518
Akstur	1.185.667	835.767
Ferðir, námskeið og akstur samtals	<u>8.748.149</u>	<u>8.358.884</u>

3. Rekstrarvörur

	1999	1998
Tímarit, blöð og bækur	1.688.247	1.556.405
Skrifstofuvörur og áhöld	1.538.300	1.646.397
Aðrar vörur	865.459	664.337
Rekstrarvörur samtals	<u>3.992.006</u>	<u>3.867.139</u>

4. Aðkeypt þjónusta

Á árinu 1999 voru í gildi samningar við um 20 endurskoðunarstofur um endurskoðun hjá um 87 ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum og sjóðum. Kostnaðurinn varð um 25.985 þúsundir króna.

	1999	1998
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	2.140.254	1.327.491
Önnur sérfræðiþjónusta	27.373.219	28.778.559
Sími og ýmis leigugjöld	1.741.010	1.947.397
Prentun, póstur, auglýsingar o.þ.h.	3.656.989	3.069.841
Aðkeypt þjónusta samtals	<u>34.911.472</u>	<u>35.123.288</u>

5. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Skúlagötu 57 og hefur allt húsið fyrir starfsemi sína. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin.

	1999	1998
Húsaleiga og aðkeypt ræsting	6.925.432	6.709.905
Rafmagn og heitt vatn	909.731	892.046
Verkkaup og byggingavörur	135.188	11.484
Húsnæðiskostnaður samtals	<u>7.970.351</u>	<u>7.613.435</u>

6. Bifreiðakostnaður

Stofnunin á eina bifreið af gerðinni Nissan Terrano II árgerð 1998.

	1999	1998
Verkstæði og varahlutir	27.173	59.745
Bensín og olíur	63.767	141.164
Tryggingar og skattar	205.257	65.591
Bifreiðakostnaður samtals	<u>296.197</u>	<u>266.500</u>

7. Opinber gjöld og tryggingar

	1999	1998
Starfsábyrgðartrygging	101.250	118.911
Virðisaukaskattur vegna mótuneytis	428.321	184.573
Opinber gjöld önnur	31.007	38.893
Opinber gjöld samtals	<u>560.578</u>	<u>342.377</u>

8. Eignakaup

Eignakaup stofnunarinnar á árinu 1999 voru eins og fyrri ár að stærstum hluta endurnýjun á tölum og tölvubúnaði. Hin mikla aukning í kaupum á tölvubúnaði skýrist með því að umtalsverðum fjármunum var varið til kaupa á hugbúnaði sem notaður var í átaki sem beint var að könnun á því hvort ólöglegur hugbúnaður væri til staðar hjá ríkisstofnunum. Aukafjárveiting fékkst til að standa straum af þessum kostnaðarauka.

	1999	1998
Tölvubúnaður.....	8.882.387	1.787.918
Bifreið	0	2.846.897
Húsgögn.....	199.568	0
Skrifstofuvélar.....	0	476.274
Önnur tæki og búnaður	152.474	119.719
Listaverk	0	472.600
Eignakaup samtals	<u>9.234.429</u>	<u>5.703.408</u>

9. Tilfærslur

Árlega greiðir stofnunin framlag til starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar í samræmi við ákvæði kjarasamninga og samkomulags félagsins við stofnunina.

	1999	1998
Tilfærslur	1.180.000	900.000
Tilfærslur samtals	<u>1.180.000</u>	<u>900.000</u>

10. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar felast að mestu í seldri endurskoðunarþjónustu til ríkisfyrirtækja. Talið er eðlilegt að þau ríkisfyrirtæki sem stofnunin endurskoðar beri endurskoðunarkostnað þannig að samræmi verði milli þeirra og hinna sem endurskoðuð eru af endurskoðunarskrifstofum í umboði Ríkisendurskoðunar.

	1999	1998
Þjónustutekjur	23.274.452	17.737.442
Endurgreiddur ferðakostnaður	1.105.035	1.626.630
Seldar eignir	0	1.608.000
Sértekjur samtals	<u>24.379.487</u>	<u>20.972.072</u>

11. Eigið fé

Breytt skilgreining á framlagi ríkissjóðs leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir nú uppsafnaðan rekstrarárangur hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 1999 er höfuðstóll stofnunarinnar jákvæður um 6.420 þúsundir króna og hafði batnað um 11.904 þúsundir króna frá árinu á undan.

Þá hefur einnig orðið sú breyting að gerð er sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 1999 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 5.935 þúsundum króna og hafði batnað um 8.186 þúsundir króna á árinu.